

# Verkferli við afgreiðslu á frumvarpi til stjórnarskipunarlaga

---

- *Samþykkt á fundi stjórnar 19. júlí 2011.*

Frumvarpið ásamt breytingartillögum verður lagt fyrir á ráðsfundi sem hefst kl. 13.00 20. júlí.

Formaður flytur inngangsorð og síðan verður hver kafli, eða hluti hans, lagður fram. Formaður viðkomandi nefndar flytur þá jafnframt breytingartillögur frá nefndinn (ef einhverjar eru). Síðan mæla flutningsmenn annarra breytingartillagna (ef einhverjar eru) fyrir sínum tillögum. Kaflinn ásamt breytingartillögum er síðan ræddur og afgreiddur.

Afgreiða má breytingartillögu með atkvæðagreiðslu eftir fyrri umræðu, samþykki fyrsti flutningsmaður það, ella fara breytingartillögur ásamt kaflanum til lokaumfjöllunar í viðkomandi nefnd. Formaður þeirrar nefndar sem breytingartillaga varðar getur einnig óskað eftir að tillögunni verði vísað til nefndar án atkvæðagreiðslu.

Vegna tímaskorts má búast við að takmarka verði ræðutíma flutningsmanna breytingartillagna sem og almennar umræður.

Eftir að fyrri umræðu er lokið fjalla viðkomandi nefndir um breytingartillögur sem til þeirra var vísað og annað sem fram kom í fyrri umræðu og geta í framhaldi af því lagt til breytingar á einstökum greinum. Stjórn getur einnig lagt fram breytingartillögur við síðari umræðu.

Við síðari umræðu er aftur fjallað um hvern kafla fyrir sig og þá gerð grein fyrir afdrifum breytingartillagna sem til nefndanna var vísað og öllum breytingum á einstökum greinum í viðkomandi kafla. Kaflinn er síðan ræddur í heild og geta þá flutningsmenn breytingartillagna endurflutt breytingartillögur þyki þeim afgreiðsla nefndar óviðunandi. Að lokinni síðari umræðu um viðkomandi kafla eru atkvæði greidd um mögulegar breytingartillögur og síðan um hverja grein kaflans.

Loks skal greiða atkvæði um frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum. Óska má eftir nafnakalli við þessar atkvæðagreiðslur.

*Ofangreint verkferli er háð eftirfarandi breytingum á starfsreglum Stjórnlagaráðs*

Leita þarf samþykkis ráðsins fyrir eftirtöldum breytingum á starfsreglum Stjórnlagaráðs:

1. Í lok 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi: *Heimilt er þó að ljúka umfjöllun um breytingartillögu með atkvæðagreiðslu við lok fyrri umræðu enda samþykki fyrsti flutningsmaður breytingartillögunnar þá málsmeðferð.*
2. Í stað setningarinnar í 3. mgr. 15. gr. : *„Síðari umræða fer eigi fram fyrr en tveimur sólarhringum eftir að álit og tillögur nefnda hafa verið birt á vef Stjórnlagaráðs“* komi: *Síðari umræða fer eigi fram fyrr en tveimur sólarhringum eftir að fyrri umræðu lýkur.*